

Má bjóða þér vatn?

# Vatnsmiðlun og lífið

**Ólafur Arnalds, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands fjallar um samspil vatns og jarðvegs í hádegisfyrirlestri í Þjóðminjasafninu 7. júní kl. 12:10.**

**Mold er mikilvægur liður í hringrás vatnsins á jörðinni. Jarðvegsvernd er því sérlega þýðingarmikil en Íslendingar eru komnir skammt á þeirri braut að huga að mold í tengslum við vatnsvernd.**

**Að loknu erindi gefst tími til umræðna en fyrirlestrinum lýkur fyrir kl. 13:00.**

**Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir.**

Fyrirlesturinn er annar fyrirlesturinn í röð hádegisfyrirlestra sem umhverfisráðuneytið, Landgræðsla ríkisins, Umhverfisstofnun, Veðurstofa Íslands og Vatnafræðinefndin efna til í tilefni af evrópsku ári vatnsins þar sem fjallað er um vatn frá ólíkum sjónarhornum.

Að þessu sinni er umfjöllunarefnið tileinkað alþjóðlegum degi jarðvegsverndar, sem er 17. júní næstkomandi.